

# Stutt athugasemd við grein Salvarar Nordal í Stjórn málum og stjórn sýslu, 1. tbl. 2014

**Ingimundur Friðriksson**, fyrrverandi bankastjóri í Seðlabanka Íslands og Spesialráðgiver í Norges Bank frá 2009.

Ég hef ekki forsendur til þess að gera athugasemdir við fræðilega greiningu Salvarar Nordal í greininni *Ábyrgð, stofnanir og íslensk stjórn sýsla. Lærdómar af bankabruni* sem birtist í tímaritinu Stjórn málm og stjórn sýsla, 1. tbl. 10. árg. 2014. Í greininni velur hún tvö dæmi til sérstakrar umfjöllunar. Þau eru sótt í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og varða annars vegar störf samráðshóps um fjármálastöðugleika og hins vegar viðlagæfingu haustið 2007. Skýrsla rannsóknarnefndar endurspeglar annars vegar álit þeirra sem í nefndinni sátu og hins vegar álit þeirra sem hún ræddi við. Þar með er ekki sagt að allt sem í skýrslunni stendur sé rétt né að allir séu um það sammála.

Sjálfur sat ég í samráðshópnum og tel að störf hans hafi hlotið óréttmæta gagnrýni í skýrslu Rannsóknarnefndar. Samkvæmt skipunarbréfi var hópnum ætlað að vera vettvangur upplýsinga- og skodanaskipta. Hann skyldi vera ráðgefandi og ekki taka ákvarðanir um aðgerðir. Í mínum huga var hópurinn mjög mikilvægur samráðsvettvangur stofnananna sem aðild áttu að honum. Nefndin gefur í skyn að þröngsýni einstakra embættismanna og togstreita á milli stofnana hafi valdið vandræðum í starfi hópsins. Í mínum huga tóku allir þátt í starfi hans af fyllstu einlægni, ábyrgð, áhuga og samviskusemi og rangt er að gefa nokkuð annað í skyn. Um þetta vitna fundargerðir nefndarinnar sem reyndust mikilvægur fyrir starf nefndarinnar.

Í umfjöllun um viðlagæfinguna er greint frá því að ég hafi ásamt öðrum beitt mér fyrir því að lokaákvörðun var ekki tekin og úr þessu er gert nokkurt mál og stuðst við skýrslu rannsóknarnefndar. Meðal annars er sagt að aðrar Norðurlandþjóðir hafi sýnt spilin og ákveðið að standa við bakið á sínum bönkum. Þá segir að það að taka ekki ákvörðun í æfingunni hafi ekki síður verið veikleikamerki „enda vakti þessi niðurstaða mikla athygli hjá samtarfsaðilum á Norðurlöndunum og var talinn álitshnekkir fyrir Ísland“. Við þetta er eftirfarandi að athuga: Aðrar Norðurlandþjóðir luku ekki allar æfingunni og rangt að halda öðru fram. Þá kannast ég ekki við að ákvörðunin hér hafi orðið álitshnekkir fyrir Ísland. Ég heyrði aldrei af slíku. Það var einnig svo að æfingin



gekk misvel eftir löndum og stofnunum og því hefði það skotið skökku við ef aðrar þjóðir sem þátt tóku í æfingunni hefðu sérstaklega talið sig þess umkomnar að hafa þá skoðun á íslensku æfingunni sem gefin í skyn í skýrslu rannsóknarnefndar.

Ástæða þess að ég taldi á sínum tíma að lokaákvörðunin skyldi ekki tekin skýrist ekki síst af því að fjölmiðlar höfðu vitneskju um að æfingin stæði yfir og taldi ég ekki óhugsandi að þeir myndu komast yfir upplýsingar um lyktir hennar. Á þeim tíma lá ekki fyrir formleg ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að bönkum í vanda yrði bjargað hvað sem það kostaði. Ákvörðun í lok æfingarinnar yrði auðvitað aldrei annað en sýndarákvörðun, án nokkurrar pólitískrar þýðingar, en engu að síður kynnu að verða dregnar af henni ályktanir án þess að til þess væru nokkrar forsendur. Æfingin gekk mjög vel og þegar kom að lokum höfðu kostir stjórnvalda verið mjög vel kortlagðir. Afstaða mín um að leggjast gegn því að ákvörðun skyldi tekin var ekki byggð á léttúð eða kæruleysi, heldur á því sem ég taldi ábyrgt og skynsamlegt.

Ég vík að umfjöllun rannsóknarnefndar í óbirtu minnisblaði mínu frá 2012. Þar segir: „Í 6. bindi skýrslunnar er m.a. fjallað um norræna og baltneska viðlagæfingu sem efnt var til haustið 2007 og gagnrýnum orðum farið um framgöngu mína í lok hennar, þ.e. á þriðja degi hennar, einkum að ég hafi haft forgöngu um að lokaákvörðun var ekki tekin um hvort styðja skyldi banka í vanda eður ei. Það skipti í mínum huga engu fyrir æfinguna í heild og lærdómanna af henni að þessi lokaákvörðun var ekki tekin. Æfingin gekk vel og þegar kom að þeim lokapunkti sem gerður er að umtalfsni í skýrslunni lágu kostir stjórnvalda skýrir fyrir að gefnum ákveðnum forsendum. Lokaákvörðunin í tilviki eins og því sem sett hafði verið á svið hlaut að vera pólitísk og aðeins á valdi pólitískra yfirvalda að taka í raunverulega áfalli. Hún gat með engu móti verið á verksviði embættismanna og engu hefði skipt um gagnsemi æfingarinnar þótt einhver þátttakandi hefði leikið hlutverk ráðherra og tekið ákvörðun. Það sem skipti máli var að kostirnir sem stjórnvöld stóðu frammi fyrir höfðu verið skilmerkilega kortlagðir. Úlfaldi er gerður úr mýflugu með gagnrýninni umfjöllun í skýrslunni um að lokaákvörðun hafi ekki verið tekin í lok æfingarinnar á þriðja degi hennar og að ég hafi rætt við einhvern um það í síma utan hefðbundins vinnutíma. Það skiptir engu máli. Gerð var grein fyrir lokum æfingarinnar á fundi í Stokkhólmi daginn eftir. Þar komu saman fulltrúar allra stofnananna sem þátt tóku í henni og gerðu grein fyrir reynslu sinni, lærdómum og sjónarmiðum um framkvæmd æfingarinnar og báru saman bækur auk þess að hlýða á viðbrögð þess sem stjórnaði æfingunni. Augljóst var að æfingin gekk vel á Íslandi, jafnvel betur en víða annars staðar. Þá gerði erlendur umsjónarmaður hennar sérstaklega grein fyrir meginniðurstöðum og lærdómum af henni á fundi norrænna seðlabankastjóra [á Egilsstöðum] í júní 2008. Ekki var þar nefnt það sem nefndinni þykir ástæða til þess að hnýta sérstaklega í. Þá má benda á að í umfjöllun sinni um æfinguna víkur finnski sérfræðingurinn Kaarlo Jännäri ekki einu orði að þessu atriði í skýrslu sinni. Hefur sennilega ekki þótt það merki-legt. Um þetta hefði ég gjarnan viljað fjalla frekar um á fundi með nefndinni, ekki síst af því að úr þessu er gert nokkurt mál.“<sup>1</sup>

Sem fyrr segir endurspeglar skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis skoðanir þeirra sem í henni sátu og þeirra sem hún ræddi við. Sjálfur var ég aðeins einu sinni kallaður fyrir

nefndina (var reyndar tjáð að ég yrði beðinn að koma aftur) og það mjög snemma í starfi hennar. Ég hefði kosið að fá tækifæri til þess að koma oftar fyrir nefndina, m.a. til þess að að tjá mig frekar um þau atriði sem gerð eru að umtalsefni í grein Salvarar og alfarid byggja á skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Ég ítreka að aðfinnslur mínar beinast ekki að efnistöku Salvarar heldur að því sem fram kemur í álitni nefndarinnar og lagt er til grundvallar í grein hennar.

## Aftanmálgrein

- 1 Kaarlo Jännäri var fenginn til þess af ríkisstjórninni að taka saman skýrslu um hrun bankanna. Hún bar yfirskriftina Report on Banking Regulation and Supervision in Iceland: past, present and future, dags. 30 mars 2009. Skýrslan var birt á heimasíðu forsætisráðuneytisins.